

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 6. fundar þann 8. október 2025 kl. 8:30 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Guðlaug Kristinsdóttir, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Íbúafundir 14. og 15. október

2. Á 5. fundi samstarfsnefndar var ákveðið að miða við að samráðið varðaði fjárhag sameinaðs sveitarfélags, skipulag; heimastjórnir, stjórnskipulag, o.fl., skólamál, landshlutasamtök, fjölda fulltrúa í sveitarstjórn og annað sem skipt getur máli við álit samstarfsnefndar og ráðgjöfum KPMG falið gera tillögu að fyrirkomulagi íbúafunda.

Farið yfir tillögu að efni íbúafunda sem haldnir verða 14. og 15. október og fyrirkomulag íbúasamráðs.

Dagskrá íbúafunda verður eftirfarandi:

1. Opnun
2. Kynning
3. Opnar spurningar
4. Umræður í hópum - fyrri lota
5. Matur
6. Umræður í hópum - seinni lota
7. Samtal

3. Kynning álits samstarfsnefndar og tillögu

Rætt um skipulag kynningar á tillögu um sameiningu og álit samstarfsnefndar í aðdraganda íbúakosninga.

Ákveðið að kynningarfundir verði haldnir 17. nóvember kl. 17:00 í Dalabyggð og 18. nóvember kl. 17:00 í Húnaþingi vestra. Kynningu á fundunum verði streymt á netinu.

Ákveðið að leita til Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur um uppsetningu auglýsinga og dreifibréfs með upplýsingum sem dreift verður til íbúa.

Ákveðið að miða við að birta auglýsingar í Skessuhorni og Bændablaðinu.

4. Kjörseðlar í íbúakosningum

Lögð fram drög atkvæðaseðlum í íbúakosningum.

Lagt var til að orðalaginu „setji kross í ferninginn“ verði breytt í „setji merki í ferninginn“

Samstarfsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki atkvæðaseðlana með áorðnum breytingum og feli samstarfsnefnd að senda þá innviðaráðuneytinu þá til staðfestingar.

5. Tímalína verkefnisins

Lilja Ósk fór yfir tímalínu verkefnisins framundan.

Ákveðið að næsti fundur samstarfsnefndar verði haldinn 17. október kl. 15:00.

Gert er ráð fyrir að haldnir verði aukafundir í sveitarstjórnnum 23. október nk. þar sem fjallað verður um álit samstarfsnefndar.

Verkefni:

- Ráðgjafar fylgja eftir pósti við sameiginlega kjörstjórn með boði um stuðning.
- Bjarki talar við Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur um uppsetningu dreifibréfs.

Fundi slitið kl. 10:00

Kjörseðill

Kjörseðill vegna íbúakosningar í Dalabyggð
28. nóvember – 13. desember 2025.

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu
Dalabyggðar og Húnaþings vestra í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji merki í ferninginn fyrir framan „Já”.
Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji merki í ferninginn fyrir framan „Nei”.

☐

Já

☐

Nei

Kjörseðill

Kjörseðill vegna íbúakosningar í Húnaþingi vestra
28. nóvember – 13. desember 2025.

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu
Dalabyggðar og Húnaþings vestra í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Já”.
Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Nei”.

☐

Já

☐

Nei